



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 4. október 2022
MÍ202209-0060/ 6.09 / S.G.

Efni: Fiskeldisstöð Rifóss – breyting á deiliskipulagi

Með tölvupósti sendum 19. september 2022 óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi lóðar Rifóss í Kelduhverfi dagsettri 5. ágúst 2022. Breytingin felst í stækkunum á byggingarreit C, einnig er bætt við byggingarreit H í suðvestur horni lóðarinnar og breytingum á skilmálum innan byggingarreits F.

Fornleifaskráning var unnin í Kelduhverfi fyrir rúmum áratug (Stefán Ólafsson (ritstj.). 2008. Fornleifaskráning í Kelduneshreppi. Fornleifastofnun Íslands, FS392-05131.). Sú skráning uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu en gefur mjög góða mynd af dreifingu minja. Við breytingar á skipulaginu árið 2018 fór þáverandi minjavörður, Rúnar Leifsson, á staðinn og mældi upp þær minjar sem skráðar voru 2008 og fann í leiðinni fleiri minjar og eru þær allar merktar inná skipulagsuppdráttinn frá 2018 (Sjá umsögn dagsetta 12. mars 2018).

Þær minjar sem Rúnar mældi upp eru merktar inná skipulagsuppdráttinn en þær breytingar sem áætlaðar eru á byggingarreitum C og H færa framkvæmdasvæðin töluvert nær minjunum en breytingar frá 2018 og 2020 gerðu ráð fyrir. Hafa ber í huga að minjarnar eru aldursfriðuðar og má ekki raska á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Athugasemdir Minjastofnunar eru eftirfarandi:

Gera þarf grein fyrir aldursfriðuðum minjum og lagalegri stöðu þeirra í greinargerð með skipulaginu.

Ekki má raska fornleifum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Á framkvæmdatíma á báðum byggingarreitum (C og H) þarf að setja litrík flögg umhverfis allar minjarnar til að tryggja að umferð vinnuvéla og ökutækja um svæðið fari ekki yfir skráðar minjar eða að þeim verði raskað af vangá.

Í 1. mgr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Rétt er einnig að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun